



Reykjavík 04.12.2019

Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 4. desember 2019 varðandi eftirfarandi mál.

### **Göngugötur á aðventunni**

Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 27. nóvember 2019 þar sem lagt er til að frá 13. desember verði opnað fyrir vörulósun á milli kl. 8:00 til 11:00 á laugardögum ásamt því að á Þorláksmessu þann 23. desember munu göngugötur vera á Laugaveg frá Barónsstíg niður Lækjartorgi ásamt Pósthússtræti og Austurstræti frá kl. 14:00.

*Samþykkt.*

*Vísað til Borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

*Glóey Helgudóttir Finnsdóttir*

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 27. nóvember 2019.



Reykjavík 27. nóvember 2019

Til skipulags- og samgönguráðs

***Tillaga: Göngugötur á aðventu***

Undanfarin ár hefur götum í miðborginni verið breytt í göngugötur í aðdraganda jólanna. Nú hefur neðri hluta Laugavegs frá Klapparstíg að Ingólfsstræti og Skólavörðustíg frá Bergstaðarstræti að Laugaveg verið breytt í varanlega göngugötu og mun þar gilda samskonar fyrirkomulag og nú er í gildi, en vörulosunartími er milli 7-11 virka daga en í aðdraganda jóla frá 13. desember verði einnig opnað fyrir vörulosun milli 8-11 á laugardögum.

Á Þorláksmessu 23. desember munu göngugötur vera á Laugaveg frá Barónsstíg niður að Lækjartorgi ásamt Pósthússtræti og Austurstræti frá kl 14:00.

Fh. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar,  
Edda Ívarsdóttir, verkefnastjóri borgarhönnunar.